

REGLUGERÐ

um afgreiðslutíma lyfjabúða í Reykjavík.

1. gr.

Lyfjabúðir í Reykjavík skulu vera opnar sem hér segir:

- 1.1. Almennur afgreiðslutími skal vera:

Mánudaga—föstudaga	kl. 9—18
Í desember er lyfjabúðum heimilt að hafa opið umfram almennan afgreiðslutíma á sama hátt og almennar verzlanir.	
- 1.2. Auk framangreinds afgreiðslutíma skulu tvær lyfjabúðir vera opnar saman eina viku í senn þannig:

Mánudaga—föstudaga	kl. 18—22
Laugardaga	kl. 9—22
Aðfangadag jóla og gamlársdag	kl. 9—12
- 1.3. Á helgidögum og almennum frídögum skal aðeins ein lyfjabúð vera opin á tímabilinu kl. 10—22.
- 1.4. Næturvarzla skal vera í einni lyfjabúð þannig:

Mánudaga—föstudaga	kl. 22— 9 næsta morgun
Laugardaga	kl. 22—10 næsta morgun
Helgidaga og almenna frídaga	kl. 22— 9 næsta morgun
Aðfangadag og gamlársdag	kl. 12—10 næsta morgun
- 1.5. Árbæjarapótek og Lyfjabúð Breiðholts taka hvorki þátt í vörzlu á helgidögum, almennum frídögum né kvöld- og næturvörzlu. Hins vegar skulu þau opin laugardaga kl. 9—12.

2. gr.

Nánari reglur um skiptingu afgreiðslutíma milli lyfjabúða samkvæmt 1. gr. setur landlæknir að fengnum tillögum Apótekarafélags Íslands.

3. gr.

Ef farsóttir ganga getur ráðuneytið mælt svo fyrir samkvæmt tillögum landlæknis og að höfðu samráði við Apótekarafélag Íslands að fjölgað verði afgreiðslutímum samkvæmt 1. gr. og aukið starfslið eftir þörfum.

4. gr.

Taka skal sérstakt afgreiðslugjald kr. 100.00 fyrir að afgreiða hvern einstakling á næturvörzlu (þ. e. á tímabilinu kl. 22—9 eða 10 eftir því sem við á).

Þó skal ekki taka gjald þetta ef eingöngu er um að ræða afgreiðslu eftir lyfseðli sem er greinilega auðkenndur þannig að hann skuli afgreiddur í næturvörzlu (t. d. nocte).

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 38. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 öðlast gildi 15. júlí 1972 að undanskildum lið 1.4. í 1. gr. um næturvörzlu, sem öðlast gildi 1. október 1972, sbr. og ákvæði til bráðabirgða.

Jafnframt falla úr gildi, að því er varðar afgreiðslutíma lyfjabúða í Reykjavík, ákvæði reglugerðar um afgreiðslutíma lyfjabúða nr. 158 10. ágúst 1966 sbr. og reglugerðir um breytingar á þeirri reglugerð nr. 131 11. september 1967 og nr. 31 30. janúar 1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu frá 15. júlí til 30. september 1972 skal Næturvarzla apóteka að Stórholti 1 vera opin með sama hætti og áður á tímunum:

Mánudaga—föstudaga	kl. 23— 9 næsta morgun
Laugardaga	kl. 23—10 næsta morgun
Helgdaiga og almenna frídaga	kl. 23— 9 næsta morgun

Á sama tímabili skulu þær lyfjabúðir, sem annast kvöldvörzlu samkvæmt lið 1.2. í reglugerðinni vera opnar til kl. 23.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 27. júní 1972.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1972.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest grundvallarverð á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1972:

Þorskur:	U.S. cent á lb. Cif.
4 × 14 m.r. interl.	40.00
8 × 7 r.l.	37.30
10 × 5 og 3 × 18	60.00
5 × 10	62.70
4 × 15	64.50
12 × 1	62.70
Blokk	47.00
Blokk 24½	48.00
Ýsa:	
4 × 14 m.r. interl.	54.60
10 × 5 og 3 × 18	64.50
12 × 1	67.20
Blokk	50.00
Blokk 24½	51.00
Steinbítur:	
10 × 5	67.00
12 × 1	69.70
Blokk	50.00